



gjafakerfi

fyrir stíuhesthús

Horseking-gjafakerfi fyrir stíuhesthús gefa mönnum kost á að hafa fódurgjöfina alveg sjálfvirka, bæði fódurbætisgjöfina og gröffóðurgjöfina. Gjafatölva stýrir allri gjöfinni. Hestarnir fá fóðrið í mörgum smáskömmtum yfir daginn, hver hestur sinn skammt. Þetta hefur mjög góð áhrif á meltingu hestanna og verulega dregur úr hættunni á ýmsum kvillum sem geta

tengst fóðruninni, t.d. hrossasótt. Auk þess koma þessir mörgu og smáu fódurskammtar í veg fyrir að hestunum leiðist og þess vegna minnkar hættan á að þeir temji sig vonða síði í hesthúsinu.

Fyrir þann sem hirðir um hestana þýðir uppsetning **Horseking-gjafakerfis** að vinnan minnkar verulega auk þess sem

hægt er að hafa vinnutímann mun sveigjanlegri.

Horseking-gjafakerfin eru mjög þægileg í uppsetningu, hvort sem er í gömlum hesthúsum eða nýjum. Uppsetningin er ákveðin í samræmi við annað skipulag í stíunum til að notagildi og útlit tengist hvert öðru á sem heppilegastan hátt.



Fóðurbætisskammtari K 1.0/40 með innbyggðri gjafatölvu



Fóðurbætisskammtari K 1.0/25




Staða hestsins eins og hann væri að bíta úti á túni



Fóðurbætisskammtari K 1.0/25

Heyskammtari

Á hesthúsganginum: Fóðurgeymir með loku fyrir gröffóður



Fóðurbætistrog

Renna fyrir fóðurbæti

Gríndin á heyskammtaranum, lokuplatan er uppi



Fóðurbætisskammtari K 100.0



færanlegur fóðurskammtari fyrir stór hesthús

Horseking-fóðurbætisskammtarinn K 100.0 gefur mönnum kost á að gefa hverjum hesti fyrir sig upp á gramm það magn af fóðurbæti og steinefnum sem honum er ætlað. Gjöfin deilist á allt að 10 skammta yfir daginn.

Sáraeinfalt er að stilla magn og skammtafjölda handa hverjum hesti. K 100.0 hreyfist eftir spori á hesthúsganginum og stansar sjálfkrafa fyrir framan stíur hestanna sem á að gefa hverju sinni. Fóðurmagnið, sem stillt hefur verið á, rennur annaðhvort eftir

hreyfanlegri rennu eða um rör beint ofan í fóðurtrog hestsins. Síðan færir K 100.0 að næstu stíu. Þegar gjöfinni er lokið í hvert sinn færir tækið sig aftur á byrjunarstað. Þar er rafgeymirinn hlaðinn og fóðurgeymarnir fylltir á ný.

Hægt er að gefa allt að níu ólíkar fóðurtegundir: fjórar fóðurbætistegundir, fjórar steinefnablöndur og eina gerð af fljótandi fóðri. Með Horseking-fóðurbætisskammtaranum K 100.0 er hægt að sinna fóðurbætisgjöf allt að 100 hesta í einu.

Brautarsporinu á hesthúsganginum er komið fyrir eftir því sem best hentar í hverju húsi miðað við allar aðstæður. Þannig er t.d. hægt að hafa á sporinu mjög krappar beygjur og jafnvel dálitlar brekkur.



Fallrörið endar í fóðurtroginu



Færanlegur fóðurbætisskammtari

Brautin fyrir skammtarann

Trekt með fallröri

FEEDING-SYSTEMS®
HorseKing



Við stíustangirnar eru festar slár sem tengjast sporinu fyrir skammtarann



K100.0 á ferðinni við gjöfina